



**Umferðaröryggisaðgerðir og áhrif á leiðarval. Andri Rafn Yeoman, Berglind Hallgrímsdóttir, Blazej Kozizki og Sigrún Marteinsdóttir. Efla hf. – október 2023.**

Samantekt skýrsluhöfunda:

Í þessu verkefni var verið að skoða hraðatakmarkandi aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu og meta áhrif þeirra. Þá var skoðað hvort þær hafi haft áhrif á leiðarval akandi vegfarenda, áhrifum á umferðarhraða og eins hvaða árangri þær geta skilað í fjölda slasaðra vegfarenda.

Skoðaðar voru aðgerðir sem framkvæmdar voru af hálfu Reykjavíkurborgar á árunum 2020 - 2021, á Háaleitisbraut annars vegar og Laugarásvegi hins vegar. Notast var við upplýsingar úr leiðsögukerfum ökutækja auk annarra snjalltækja og voru gögnin fengin frá TomTom. Niðurstöður sýna að aðgerðirnar hafa ekki haft marktæk áhrif á leiðarval akandi vegfarenda, en hins vegar hefur hraði lækkað á þeim svæðum sem aðgerðir voru framkvæmdar. Vænta má þess að aðgerðirnar hafi komið í veg fyrir slysum með meiðslum. Sýna má fram á að ef gert er ráð fyrir að 15 manns hefðu lent í slysum á þessum svæðum fyrir aðgerðir á fimm ára tímabili, hafi slysum fækkað um helming með tilkomu aðgerðanna. Það gerir um 70-100 milljón króna minni samfélagslegan kostnað á tímabilinu.